

Oddviti Skagabyggðar  
Höfnum  
545 Skagaströnd

Reykjavík 9. nóvember 2018  
UST201810-197/K.S.J.  
10.04.03

**Efni: Lýsing - Deiliskipulag - Kálfshamarsvík í Skagabyggð**

Vísað er til erindis Skagabyggðar er barst 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Kálfshamarsvíkur í Skagabyggð.

**Náttúruminjar**


Eins og fram kemur í ofangreindri lýsingu er Kálfshamarsvík á Skaga svæði nr. 409 á náttúruminjaskrá. Skv. skránni felst verndargildi svæðisins í strandlengju og fjörum en á svæðinu er sjávarströndin sérkennileg með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum. Einnig kemur fram að á svæðinu eru merkilegar búsetuminjar.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við gerð aðstöðu og innviða fyrir ferðamenn verði þess gætt að ásýnd svæðisins skerðist ekki.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda lýsingu sem er afar skýr og kort og myndir aðgengileg.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri lýsingu gerð grein fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Axel Benediktsson  
Sérfræðingur